

Pétur Stefánsson
Markarflöt 24
210 Garðabæ

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	16.04.2018
Málslýkill	0048
Mál nr.	1804190

Garðabæ 16. apríl 2018

Bæjarráð Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Varðar: Fasteinaskatt af bílageymslu að lðnbúð 5 í Garðabæ, fastanúmer 207-0961.

ELBa ehf, kt. 531200-2840 er eigandi að geymslurými á neðri hæð, vesturenda að lðnbúð 5 í Garðabæ. ELBA ehf er einkahlutafélag okkar hjóna.

Frá árinu 1985 til ársins 2004 var umrætt rými notað fyrir heildsölulager fyrirtækisins en þá var reksturinn seldur. Frá og með árinu 2005 hefur umrætt húsnæði verið nýtt sem viðbótarbílageymsla fjölskyldunnar, að jafnaði fyrir 2 bíla, golfbíl, kerru etc.

Svo sem kunnugt er, þá er það raunveruleg notkun húsnæðis en hvorki gerð þess né skipulag sem ræður flokkun til álagningar fasteignaskatts. Þannig eru bílskúrar flokkaðir með íbúðarhúsum, enda séu þeir ekki nýttir til atvinnustarfsemi.

Með hliðsjón af framansögðu er óskað eftir því að fasteignaskattur af téðu húsnæði að lðnbúð 5 verði endurálagður fyrir yfirstandandi ár og færður til samræmis við hina raunverulegu notkun sem byggingarfulltrúi staðfesti sbr. reglugerð um fasteignaskatt. Þess er jafnframt óskað að fasteignaskattur af sömu eign verði endurreiknaður 4 ár aftur í tímann, þ.e. fyrir árin 2017, 2016, 2015, og 2014.

Virðingarfyllst

